

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kalka sorpeyðingastöð sf. Helguvík, Berghólabraut



Dags eftirlits	4.5.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Margrét Helga Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Kalka sorpeyðingastöð sf.	Eftirlitsmaður	Sigríður Magnúsdóttir
Heimili	Berghólabraut 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5312780469	Flokkur	verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Steinþór Þórðarson	ÍSAT nr.	38.21.0,38.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Ingþór Karlsson	Staðsetning	325484,211 396471,342

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í Kólku Sorpeyðingastöð á Suðurnesjum.

Fráviki frá 27. maí 2020 vegna geymslu botnösku og flugösku telst lokið.

Í eftirlitinu komu fram þrjú ný frávik. Brugðist hefur verið við tveimur frávikanna hvað varðar skil á grænu bókhaldi og útstreymsibókhaldi.

Áfram er opið eitt frávik er varðar daglegan meðalstyrk á HCl og SO₂ en úrbótaáætlun hefur verið skilað.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í Kólku Sorpeyðingarstöð á Suðurnesjum.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Staðan frá síðasta eftirliti og staða frávika
3. Verkstjórn og takmörkun aðgangs (gr. 2.1 í starfsleyfi)
4. Skráningar (gr. 5.1 í starfsleyfi)
5. Önnur mál

1. Rekstraraðili byrjaði á kynningu á starfseminni. Farið var yfir áhrif Covid á starfsemina sem hefur skilað sér í aukningu á brennslu á sóttmenguðum úrgangi sem settur var í forgang. Meiri áhersla er nú lögð á endurvinnslu og endurnýtingu. m.a. í samstarfi við Fjölsmiðjuna sem tekur á móti heillegum munum og endurnýtir þá. Með þessu er reynt að draga úr magni úrgangs til förgunar. Með innleiðingu nýs efnisbókhalds er hægt að vakta betur það magn sem fer í endurnýtingu. Atvikaskráningakerfi hefur verið innleitt og stefnt er að því að hægt verði að skrá umhverfisatvik í kerfið.

Rekstraraðili kynnti fjölmörg umbótaverkefni sem annað hvort standa yfir eða er lokið og má þar nefna að nýtt vigtarkerfi hefur verið tekið í notkun, grenndarstöðvar opnuðu í ágúst 2021, fjölgun hreinna efnisflokka á móttökuplani og gerð botnöskuplans.

2. Í síðasta eftirliti kom fram ábending um að bæta þyrfti girðingar á lóðunum að Berghólabraut 7 og 7a til að samræmast ákvæðum starfsleyfis um afgirðingu lóðar, þar sem jarðvegsmanir loka lóðina af en girðing er ekki allstaðar til staðar. Þetta hefur lagast austan megin en ennþá vantar girðingar við Íslenska gámafélagið og þar sem jarðvegsmanir loka, norðan megin við stöðina.

Einnig kom fram að huga þurfi vel að lekavörnum fyrir olíuefni og önnur spilliefni sem geymd eru í skýli á efra plani. Þetta er óbreytt en efnin eru færð inn í lok hvers dags.

Rafgeymar voru geymdir í opnum fiskikörum utandyra en samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila var áætlað að það færi af svæðinu samdægurs. Hugsa þarf að því að raf- og rafeindatæki séu varin fyrir regni. Rafgeymar eru geymdir undir þaki í spilliefnageymslunni. Þeim er safnað í 25 m³ gám sem safnast í á 10 -15 dögum. Sjónvörp og rafgeymar fara til Terra, allt annað til Hringrásar.

Þrjú frávik komu fram í síðasta eftirliti: Daglegur meðalstyrkur HCL mældist 11,71 mg/m³ þann 18. maí 2021, sem er yfir starfsleyfismörkum og þrjú daga yfir starfsleyfismörkum hvað varðar daglegan meðalstyrk SO₂ (59,09 mg/m³ þann 28. febrúar 2021, 155,19 mg/m³ þann 23. mars 2021 og 86,88 mg/m³ þann 5. apríl 2021). Síðari hluta ársins bættust við þrjú dagar þar sem farið var yfir

starfsleyfismörk daglegs meðalstyrks SO₂ (50,98 mg/m³ þann 16. nóvember 2021, 55,6 mg/m³ þann 7. desember 2021 og 76,4 mg/m³ þann 30. desember 2021 og farið var yfir starfsleyfismörk HCl þann 10. desember 2021, þegar styrkurinn var 11,2 mg/m³. Starfsleyfismörk fyrir daglegan meðalstyrk HCl er 10 mg/m³ og f50 mg/m³ – gr. 5.4. Óskað var eftir úrbótaáætlun með tímafresti til 26. maí 2022. Úrbótaáætlun barst þann 23. júní 2022 og fjallað verður um hana í bréfi með eftirlitsskýrslunni.

Frávik voru sett þar sem útstreymisbókhaldi og grænu bókhaldi sem átti að vera skilað fyrir 1. maí barst ekki í tæka tíð, en báðum bókhöldunum var skilað 28. júní 2021.

Farið var yfir stöðu á úrbótaáætlun frá 24. nóvember 2020 varðandi ráðstöfun á botnösku og flugösku en úrbótum átti að ljúka í september 2021. Rekstraraðili brást við því með því að steypa sérstakt plan fyrir botnöskuna á Berghólabraut 7. Það er nú komið í notkun. Flugöskunni er safnað í geymsluhúsnæði í Njarðvík og er svo flutt út til endurnýtingar, og telst frávikinu því lokið. Málmar úr botnöskunni eru seglaðir úr öskunni og fara til endurvinnsluaðila.

3. Farið var yfir takmörkun aðgangs í tengslum við ábendingar. Ekki hefur verið lokið við þá girðingavinnu sem bent var á þar sem ennþá vantar girðingar norðan megin við stöðina sem þarf að bæta. Mikill stöðugleiki er í starfsmannamálum og ekki mikil starfsmannavelta.

4. Farið var yfir þær skráningar sem koma fram í starfsleyfi. Farið var þrisvar yfir daglegan meðalstyrk á SO₂ til viðbótar við þau skipti sem fram komu í síðustu eftirlitsskýrslu. Einu sinni var farið yfir HCl mörk til viðbótar við þau skipti sem fram komu í síðustu eftirlitsskýrslu. Rekstraraðili veit af þessu en erfitt er að stjórna styrknum þar sem hann fer eftir eðli þess úrgangs sem brenndur er hverju sinni. Þegar efnið er mismunandi er erfitt að ná jöfnum efnisstraumi. Ef að mikið af SO₂ eða HCl er í úrganginum hafnar rekstraraðili brennslu. 1300 tonn af flugösku voru flutt út til endurnýtingar í byrjun mars 2022 sem var rúmlega 2 ára uppsöfnun.

5. Önnur mál. Í gr. 5.8 í starfsleyfi kemur fram að halda skuli samráðsfund með fulltrúum Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Suðurnesja. Þetta er ný grein sem kom með nýju starfsleyfi og rekstraraðili er hvattur til að boða til slíks fundar á þessu ári.


Í skoðunarferð var farið um svæðið þar sem áhersla var lögð á frágang lóðar og girðingar og nýtt botnöskuplan. Umhverfið var snyrtilegt og frágangur góður en klára þarf að setja upp girðingar norðan megin við stöðina.

Frávik frá	Lýsing á frávik
Reglugerð 851/2002 um grænt bókhald og grein 5.5 í starfsleyfi	Grænu bókhaldi skal skilað fyrir 1. maí fyrir rekstrarárið á undan. Grænu bókhaldi fyrir árið 2021 var skilað of seint, en það barst stofnuninni 10. júní 2022.
Reglugerð 990/2018 um útstreymisbókhald og grein 5.5 í starfsleyfi.	Útstreymisbókhaldi skal skilað fyrir 1. maí fyrir rekstrarárið á undan. Grænu bókhaldi fyrir árið 2021 var skilað of seint en það barst stofnuninni 10. júní 2022.
Grein 2.1 í starfsleyfi	Aðgangur að athafnasvæðinu skal vera takmarkaður og svæðið afgirt með girðingu. Bæta þarf girðingar á lóðum að Berghólabraut 7 og 7a til að samræmast ákvæðum starfsleyfis um girðingu lóðar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.08.2022



Margrét Helga Guðmundsdóttir

